

Samantekt: Val á lykilstjórnendum við erlendar starfsstöðvar íslenskra útrásarfyrirtækja

Nemandi: Snædís Baldursdóttir

Sérsvið: Mannauðsstjórnun

Dagsetning: September 2007

Samantekt

Tilgangur þessarar rannsóknar var að veita innsýn í hvernig stjórnendur íslenskra fyrirtækja í útrás standa að vali á lykilstjórnendum í erlendar starfsstöðvar. Þá var einnig leitast við að kanna hvað einkenni öfluga stjórnendur útrásarfyrirtækja. Efnið var ennfremur tengt við yfirtökur erlendra fyrirtækja. Rannsóknarspurningarnar voru: (1) Hvað einkennir öfluga stjórnendur útrásarfyrirtækjanna og (2) hvernig er staðið að vali á lykilstjórnendum við erlendar starfsstöðvar. Efnið var sett í samhengi við leiðtogafræði og skrif reynslumikilla stjórnenda. Eins var það tengt fræðum um innri og ytri stjórnendaráðningar, aðferð arftakastjórnunar og yfirtökur erlendra fyrirtækja. Í rannsókninni var stuðst við eigindlega rannsóknaraðferð. Í ljós kom að viðmælendur töldu persónueinkenni öflugra stjórnenda skipta mun meira máli en menntun og reynsla þeirra. Þeir þurfa að geta tileinkað sér gildin sem fyrirtækin starfa eftir, hafa hæfni til samstarfs, geta dreift ábyrgð, sækjast eftir árangri og hafa hæfni til að framkvæma. Ef staða losnar erlendis er oftast byrjað að leita lausna innan fyrirtækisins. Arftakastjórnun tíðkast að einhverju leyti í fyrirtækjunum, en hún er misformleg. Þegar yfirtökur eiga sér stað þykir mikilvægt að halda þeim stjórnendum sem fyrir eru, en tiltölulega auðvelt þykir að finna góðan íslenskan stjórnanda ef svo ber undir. Verkefnið gefur vísbandingu um hvað veldur velgengni íslenskra útrásarfyrirtækja.